



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Reykjavík 15. maí 2020

Efni: Ofbeldi gegn fötluðu barni og dómur héraðsdóms Reykness, beiðni um skýringar

Þann 3. apríl sl., féll dómur í héraðsdómi Reykjaness í máli S-1258/2019, þar sem þroskaþjálfari, fyrrverandi starfsmaður leikskóla í sveitarfélaginu, var sakfelld fyrir ofbeldi gegn fötluðu barni. Í dómnum kemur m.a. fram að ekki var tilkynnt til barnaverndar um ofbeldi gegn barni fyrr en fjórum mánuðum eftir að það átti sér stað, í kjölfar þess að tilkynnt var um alvarlegra ofbeldi umrædds starfsmanns gegn sama barni. Má þannig leiða að því líkur að hefði tilkynningarskyldan verið virt eftir fyrra atvikið hefði mátt koma í veg fyrir það seinna.

Í lögum um leikskóla, nr. 90/2008, kemur fram að sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla og eiga jafnframt að meta starf leikskóla og hafa eftirlit með því. Þá kemur fram í 8. gr. sömu laga að leikskólastjóra ber að brýna fyrir starfsfólki leikskóla tilkynningarskyldu samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, en þannig er gerð sú krafa til stjórnenda leikskóla, að þeir séu umfram aðra starfsmenn meðvitaðir um þá skyldu, og bera ábyrgð á því að hún sé virt að fullu.

Sveitarfélög bera einnig meginábyrgð á þjónustu við fötluð börn en í lögum um fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir segir að þegar fötluð börn og fjölskyldur þeirra eiga í hlut skal framfylgja Barnasáttmálanum. Samkvæmt 23. gr. Barnasáttmálans eiga fötluð börn rétt á því að njóta fulls og sómasamlegs lífs, við aðstæður sem tryggja virðingu þeirra. Þá kemur fram í 19. gr. sáttmálans að aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að vernda barn gegn hvers kyns ofbeldi.

Hlutverk umboðsmanns barna samkvæmt lögum nr. 83/1994 er að vinna að því að m.a. stjórnvöld taki fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna barna. Í starfi sínu skal umboðsmaður barna setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna á öllum sviðum samfélagsins. Þá kemur fram í 5. gr. sömu laga að stjórnvöldum er skylt, þrátt fyrir

þagnarskyldu, að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu.

Með vísan til 5. gr. laga nr. 83/1994, óskar embætti umboðsmanns barna eftir eftirfarandi upplýsingum og skýringum:

Til hvaða ráðstafana hefur sveitarfélagið gripið til þess að tryggja að stjórnendur og starfsfólk leikskóla séu upplýst um og virði í öllum tilvikum tilkynningarskyldu samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga?

Telur sveitarfélagið að umrætt mál gefi tilefni til að taka til sérstakrar skoðunar fyrirkomulag þjónustu við fötluð börn í sveitarfélaginu?

Hefur sveitarfélagið ráðist í úttekt á þeim atburðum sem fjallað er um í fyrnefndum dómi eða starfi leikskólans sem um ræðir í því skyni að fá fram upplýsingar sem nýta má við að setja verkferla eða skerpa á ábyrgð og verklagi þannig að unnt sé að koma í veg fyrir sambærileg atvik?

Telur sveitarfélagið, sem nú vinnur að innleiðingu Barnasáttmálans í öllu starfi með börnum, að umrætt mál gefi tilefni til frekari ráðstafana?

Þess er farið á leit að umbeðnar skýringar berist svo fljótt sem verða má.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal,
Umboðsmaður barna